Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar mánudaginn 2. febrúar 2026 og hófst kl. 16. Fundinn sátu Ármann Jakobsson formaður, Eva María Jónsdóttir, Jóhannes B. Sigtryggsson og Marta Guðjónsdóttir. Anna Sigríður Þráinsdóttir boðaði forföll, Guðrún C. Emilsdóttir mætti ekki. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1) **Málræktarþing 2026**
   Málræktarþing verður haldið fimmtudaginn 24. september í Eddu. Efni þingsins er „íslenska og snjalltækin“. Á þinginu verða flutt fimm erindi af sérfræðingum á þessu sviði og óskað eftir því að Logi Einarsson ráðherra flytji ávarp.

2) **Samstarfsþing orðaforðarannsóknir**
   Málþing um orðaforðarannsóknir verður haldið miðvikudaginn 6. maí í Eddu kl. 15–17 í samstarfi við Sigríði Ólafsdóttur og Auði Pálsdóttur á Menntavísindasviði. Á málþinginu verður fjallað um íslenskukennslu á tímamótum og hvernig megi styðja kennara með verkfærum sem virka. Flutt verða fjögur erindi undir eftirfarandi yfirskriftum:
   - Við vitum hver staðan er
   - Við vitum hvað virkar
   - Hvernig styðjum við kennara?
   - Næstu skref – hvað þýðir þetta?

   Eftir erindin verða pallborðsumræður. Málþinginu verður streymt.

3) **Ályktun íslenskrar málnefndar 2026**
   Megináhersla í starfi Íslenskrar málnefndar árið 2026 verður íslenska, snjalltæki og ungt fólk. Þetta verður jafnframt meginþema ályktunar um stöðu íslenskrar tungu árið 2026. Ármann Jakobsson mun vinna fyrstu drög að ályktuninni sem gert er ráð fyrir að liggi fyrir í maí.

4) **Útgáfa ritreglna**
   Ákveðið var að Íslensk málnefnd gefi út ritreglur sem Jóhannes B. Sigtryggsson hefur tekið saman. Ritreglunum verður dreift í skóla.

5) **Önnur mál**
   Ákveðið var að senda umsögn um frumvarp til markaðssetningarlaga sem nú liggur fyrir Alþingi.

Fleira gerðist ekki; fundið slitið kl. 17.00.

Ármann Jakobsson sign.	Ágústa Þorbergsdóttir sign.